



Fundagerð 7. fundar í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar 5. janúar 2007 kl. 15.00
í byggingu 946 á Keflavíkurflugvelli.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður
Helga S. Harðardóttir, varastjórn
Hildur Árnadóttir, varastjórn
Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórn
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

Dagskrá fundarins

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar Stjórnarformaður lagði fyrir fundagerð síðasta fundar og var hún samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Kynning á samningi ÞK og íslenska ríkisins auk verkefna félagsins.

Lögð var fram tillaga að erlendri nafngift á félaginu, ásamt kynningu á nýju einkennismerki og vefsíðu. Samþykkt var að skammstöfunin KADECO (Keflavík Airport Development Corporation) yrði notuð til markaðssetningar félagsins ásamt einkennismerki því sem kynnt var.

Ræddur möguleiki þess að rafkerfið á svæðinu yrði rekið af Þróunarfélaginu

Fyrirhugað er að fara í kynningu á félaginu fljótlega.

Hugmyndir sem komið hafa fram um nýtingu svæðisins voru ræddar.

Stjórnin leggur áherslu á að skipulagsmálum verði hraðað.

Kynnt var lauslega umsókn um lóð undir væntanlegt álver í Helguvík.

3. Önnur mál

Rætt mun verða við Geymslusvæðið um kaup á þeim búnaði sem enn er til staðar í byggingum á svæðinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.